


Útbreiðsla kláms og hugsanleg áhrif þess Er þörf á aukinni fræðslu?

Anni G. Haugen og Ástrós Erla Benediktsdóttir



Anni G. Haugen, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Ástrós Erla Benediktsdóttir, MA-nemi í félagsráðgjöf

Með vaxandi sýnileika kláms á Vesturlöndum hafa áhyggjur af hugsanlegum áhrifum klámvæðingar aukist (Dines, 2010). Umfjöllunin hefur ekki einungis snúist um klámið sjálft, heldur útbreiðslu þess, afleiðingar, breytingar á kynhegðun fólks, áhrif þess á ólíka aldurshópa, kyn áhorfenda og margt fleira (Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson, 2006). Sú öra tækniþróun sem átt hefur sér stað og aukin tölvunotkun er talin helsta ástæða mikillar útbreiðslu og aðgangs að klámi, bæði fyrir börn og fullorðna. Klám hefur náð að smeygja sér inn í daglegt líf fólks og hafa áhrif á ýmsa þætti í lífi þess (Howard, 2012). Í þessari grein verður fjallað um útbreiðslu kláms og hugsanleg áhrif sem það hefur í för með sér, einkum á börn og ungmenni. Greinin er byggð á BA-ritgerð Ástrósar Erlu Benediktsdóttur (2014) í félagsráðgjöf. Markmiðið er að vekja athygli félagsráðgjafa á þeirri þróun sem hér á sér stað og hvernig bregðast megi við henni.

Klámvæðing

Orðið klámvæðing er notað til að lýsa mikilli aukningu kláms í vestrænum þjóðfélögum á síðustu áratugum (Attwood, 2002). Klám er oft flokkað eftir grófleika þess. Mjúkt eða erótískt klám hefur verið skilgreint sem kynferðislegt eða æsandi efni, þar sem virðing ríkir milli aðila, og gróft eða afbrigðilegt klám skilgreint sem mynd- eða prentefni þar sem kynlíf eða kynfæri eru sýnd með ofbeldi eða niðurlægjandi hætti (Dines, 2010; Russel, 1993). Gróft og afbrigðilegt klám hefur einnig verið skilgreint sem kynlíf með hjálpartækjum,

fleiri en tveimur þátttakendum, munngælum, endabarmsmökum, BDSM (bindingar-, drottunar- og sadómasókískum leikjum), blætisdýrkun og mörgu fleira (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009).

Árið 2010 var að finna um 420 milljónir klámsíðna á Internetinu en fimm árum áður voru þær um 260 milljónir og líklegt er að klám á Netinu muni halda áfram að aukast á komandi árum (Dines, 2010; Howard, 2012; Paul, 2005). Í dag skipar Netið stóran sess í lífi fólks þar sem það er notað við vinnu, nám, mannleg samskipti, öflun upplýsinga og fræðslu, kaup og sölu á ýmsum varningi og margt fleira. Með hröðum tækniþróunum, nýjum og tæknilegri vörum eru eldri tæki seld á lægra verði og verða því aðgengilegri fyrir fleiri. Snjallsímar eru einnig ein af tækninýjungum okkar tíma og hefur netnotkun færst að miklu leyti yfir á þann vettvang (Howard, 2012). Tölur frá Hagstofu Íslands (2014) sýna að árið 2013 var hlutfall Íslendinga, sem notaði tölvur síðastliðna þrjá mánuði, að meðaltali 97%. Hlutfall þeirra sem svöruðu því játandi að hafa tengst Netinu síðustu þrjá mánuði var 96,5% sem þýðir að aðeins 3,5% af þeim sem nota tölvur nota ekki Netið. Einnig má benda á að 16–24 ára einstaklingar notuðu allir Netið þegar þeir nota tölvur.

Þegar Internetið er orðið að daglegum þætti í lífi fólks er líkurnar á að einstaklingur rekist á klám miklu meiri en áður vegna þess að Netið er stærsti miðill kláms (Howard, 2012). Klámneytendur geta nú hlaðið niður, afritað og deilt klámi, allt á sama staðnum undir nafnleynd (Paul, 2005). Rannsóknir hafa sýnt að af þeim tveimur milljörðum fólks sem hafa aðgang að og nota Netið skoða um 42,7% þeirra þar klámefni (Wondracek, Holz, Platzer, Kirda og Kruegel, 2010). Klám er þó ekki aðeins aðgengilegt á Netinu heldur er því einnig smeygt inn með sýnilegum og duldu skilaboðum í fjölmiðla, auglýsingar, tónlistarmyndbönd, kvikmyndir, sjónvarpsþætti og fleira (Sørensen og Knudsen, 2006).

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna horfa karlmenn meira á klám en konur. Konur eru líklegri en karlar til að hafa neikvæð viðhorf til kláms, en konur eru þó



líklegri til þess að sækja frekar í mjúkt klám þar sem þær leggja meiri áherslu á nánd, ást og tilfinningar í kynlífi (Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, 2009; Sørensen og Knudsen, 2006). Meira áhorf karlanna má að einhverju leyti rekja til þess að klám er að mestu leyti framleitt fyrir karlmenn og að í klámmyndum, sem ætlað er að höfða til gagnkynhneigðra, eru konur oftast í aðalhlutverki og karlar í aukahlutverki (Stewart og Szymanski, 2012).

Börn og unglingar í klámvæddum heimi

Nú standa börn og unglingar frammi fyrir þeirri staðreynd að þau eru vamarlaus gagnvart klámefni löngu áður en þau eignast sjálf reynslu í kynlífi (Lovísa Arnardóttir, 2011). Í rannsókn sinni á netnotkun íslenskra unglunga studdust Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason (2010) við efni úr langtímarannsókninni *Börn og sjónvarp á Íslandi* en hún hefur verið framkvæmd sex sinnum á árunum 1968–2009. Alls tóku 2876 ungmenni þátt í rannsókninni árið 2009. Niðurstöður leiddu í ljós að ungt fólk hér á landi eyðir miklum tíma í að skoða Netið og fjölmiðla og að flest börn hafa aðgang að sjónvarpi eða tölvum á heimili sínu. Í rannsókninni svöruðu 67% barna og unglunga á aldrinum 11–16 ára því játandi að þau væru með tölvu í herbergi sínu og helmingur þeirra var með nettengingu. 71% sögðust nota Netið að minnsta kosti einu sinni á dag og fór hlutfallið upp í 86% hjá 16 ára unglingum.

Í nýlegri bandarískri langtímarannsókn sem gerð var á árunum 1999–2010 meðal barna á aldrinum 10–17 ára kom fram að miklar breytingar hafa orðið á netnotkun barna á síðasta áratug. Árið 2010 var netnotkun þeirra í tölvum 97% og 47% í gegnum snjallsíma. Þegar ungmennin voru spurð hvort þau hefðu óvart rekist á klámefni á Netinu síðastliðið ár svöruðu 23% þátttakenda því játandi. Árið 2005 svöruðu 34% þessu játandi sem gefur til kynna að á þessu tímabili drógust óvænt kynni við klámefni á Netinu saman um 11%. Klámefnið sem ungmennin höfðu komist í kynni við voru myndir af nöktu fólki, fólki að stunda kynlíf og ofbeldisfullar myndir sem tengdar voru kynlífi. Hlutfall milli kynja sem sáu kynferðislegt efni á Netinu árið 2010 var nokkuð jafnt en aldursbilið ójafnt. 42% voru 16–17 ára, 45% voru 13–15 ára og 14% voru 10–12 ára. Fjórðungur yngsta hópsins sagði að klámefnið hefði neikvæð áhrif á þau og þau kváðust hafa fundið til kvíða eftir að hafa rekist á efnið á Netinu. Flest tilfellið eða 81%, þar sem ungmennin urðu vitni að kynferðislegu efni á Netinu árið 2010, áttu sér stað í tölvu á heimili þeirra en aðeins 1% sagðist hafa séð klámfengið

efni í snjallsíma (Mitchell, Jones, Finkelhor og Wolak, 2014).

Rannsókn sem gerð var af Rannsóknnum og greiningu árið 2007 meðal 9113 ungmenna á aldrinum 16–19 ára, leiddi í ljós að fleiri piltar horfa á klám en stúlkur. 37% pilta sögðust skoða klám í blöðum, sjónvarpi, á Netinu eða myndböndum þrisvar sinnum eða oftár í viku en aðeins 1% stúlkna. Alls horfðu 79% pilta á klám nokkrum sinnum í mánuði eða oftár, en aðeins 11% stúlkna gerðu slíkt hið sama. Rannsókn sem gerð var á árunum 2004–2006 á ungmennum frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi sýndi að 99% pilta og 89% stúlkna höfðu séð klám. Alls tóku 1776 unglingar á aldrinum 12–20 ára þátt í rannsókninni. Unglingarnir höfðu komist í klámefni á Netinu, í sjónvarpi eða klámböndum. Meirihluti svarenda hafði séð klám í fyrsta skipti á aldrinum 12–14 ára, óháð kyni. Drengir á aldrinum 12–14 voru þó búnir að sjá klám fyrir en þeir piltar sem voru orðnir 18–20 ára. Einn þriðji eða um 600 þátttakenda sagðist horfa á klám nokkrum sinnum í viku eða jafnvel daglega, að meirihluta drengir. Niðurstöðurnar sýndu einnig að stúlkur og drengir hafa ekki sömu reynslu af klámi. Drengir virðast sækja meira í klámefni og hafa þeir almennt séð fleiri gerðir af klámi en stúlkur, en þær sjá eða horfa oftast á klám vegna þess að aðrir eru að horfa á það. Stúlkur eru líklegri en drengir til að tala um klám við vini eða kunningja en drengirnir kjósa frekar að horfa á það. Einnig kom fram að drengir telja það að horfa á klám eðlilegri þátt í lífi sínu en stúlkur. Þegar svarendur voru spurðir um það sem fram fór í klámefninu bentu þeir á að kvenlíkaminn væri aðalviðfangsefnið og að karlíkaminn kæmi þar lítt við sögu. Bent var á að þetta gæti stafað af því að klám væri oftast framleitt af karlmönnum fyrir karlmenn (Stewart og Szymanski, 2012; Sørensen og Knudsen, 2006).

Guðbjörg Hildur Kolbeins gerði rannsókn á klámáhorfi og kynlífi ungmenna á Íslandi en þar kom fram að af 323 einstaklingum á aldrinum 14–18 ára, höfðu 96% pilta og 88,7% stúlkna séð klám. Þegar spurt var hvenær ungmennin sáu klám í fyrsta sinn kom í ljós að meðalaldurinn var 11,7 ár. Svipuð rannsókn sem gerð var meðal 14–18 ára unglunga í Svíþjóð sýndi að 99% pilta höfðu séð klám og 86% stúlkna (Sørensen og Knudsen, 2006).

Áhrif kláms

Bent hefur verið á að myndbönd og kvikmyndir á Netinu eða í sjónvarpi sendi ungmennum skilaboð um að óábyrgt kynlíf sé eðlilegur hlutur og að fjölmiðlar

fjalli lítið um afleiðingar og áhættu óábyrgs kynlífs (Sól-ey Bender, 2006). Klámmyndir fjalla heldur ekki um ýmsa aðra þætti sem hafa þarf í huga í sambandi við kynlíf svo sem mikilvægi þess að nota verjur, að konur geti orðið þunguðar og að báðir aðilar geti smitast af kynsjúkdómum (Dines, 2010).

Á Netinu má finna klámefni af öllu hugsanlegu tagi (Howard, 2012). Þar er m.a. til klámefni þar sem illa er farið með konur, þær hlutgerðar, niðurlægðar og jafnvel beittar ofbeldi (Arkawa, Flanders og Hatfield, 2010; Dines, 2010). Stór hluti vinsælustu klámmyndanna í Bandaríkjunum er mjög ofbeldisfullar og rannsóknir hafa sýnt að mikill meirihluti þeirra, eða um 90%, sýnir atriði þar sem kona er bæði beitt ofbeldi í orðum og athöfnum, að minnsta kosti einu sinni (Dines, 2010; Stewart og Szymanski, 2012).

Kynhegðun og viðhorf

Rannsóknir hafa sýnt að það að horfa á klám snemma á ævinni getur hamlað því að kynvitund mótist eðlilega og að hætta sé á að viðhorf einstaklings verði virðing- ar- og kærleikssnautt. Heilbrigð kynvitund og viðhorf til kynlífs eiga að mótast út frá lífsreynslu og öðrum þáttum í umhverfi einstaklinga (Dines, 2010; Popovic, 2011). Í rannsóknarskýrslunni *Unge, køn og pornografi i Norden* kom fram að 87% norskra, danskra, sænskra og finnskra ungmenna, óháð kyni, töldu klám ekki flokkast sem vandamál. Aðeins 5% sögðu að klám ætti að vera bannað og 68% voru samþykkt klámi en bentu á að það ætti að takmarka örliðið. Íslensk ungmenni voru svipaðrar skoðunar en 71% töldu að klám ætti að lögleiða hér á landi með einhverjum takmörkunum þó. Í íslensku rannsókninni, sem gerð var af Guðbjörgu Hildi Kolbeins voru stúlkurnar einnig spurðar um viðhorf til kláms. Svör þeirra beindust flest að því að þær fengju lítið sem ekkert út úr því að horfa á klám og að þær sögðust vera óánægðari með líkama sinn eftir að hafa horft á það. Nokkrar bentu á að þeim myndist klám ógeðslegt og töldu að það leiddi til nauðgunar eða jafnvel vændis. Rannsókn Guðbjargar sýndi einnig að ungmenni sem horfðu reglulega á klámefni væru líklegri til að hafa neikvætt viðhorf til þess að nota verjur og væru því líklegri til að sleppa notkun þeirra. Auk þess voru þau ungmenni líklegri til að prófa endabarmsmök, hópkyllíf, eiga fleiri en einn rekkjunaut og voru flest sammála um að kynlíf þar sem tvær stelpur njóta hvor annarrar væri mjög kynæsandi. Unglingarnir svöruðu að staðhæfingar eins og „stelpur sem horfa á klám eru töff“, „strákar tala mikið um klám“ og „strákar bera stelpur saman við klámstjörnur“ séu réttar. Öll virtust

vera sammála um að nei þýddi nei en benda má á að svör þeirra voru jákvæð gagnvart staðhæfingunni „báð- um kynjum finnst kynlíf meira spennandi ef rekkjunaut- ur streitist á móti í fyrstu“. Af norsku, dönsku, sænsku og finnsku ungmennunum í rannsókninni *Unge, køn og pornografi i Norden* svaraði þriðjungur eða um 600 einstaklingar því játandi að þeim myndist klám mjög átakanlegt og óþægilegt að horfa á. Meirihluti þeirra voru stúlkur. 61%, að meirihluta piltar, sögðust verða kynferðislega æst við að horfa á klám og 38% sögðust vilja prufa það sem fram kom í klámmyndunum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig að stúlkur eru oftast en áður hvattar til kynlífsathafna sem þær telja óeðlilegar og eru ekki sáttar við (Sørensen og Knudsen, 2006). Í rannsókn Gail Dines (2010) kom fram að kvenkyns þátttakendur töldu klám hafa áhrif á líf þeirra þó að þær hefðu aldrei séð gróft klámefni. Þær bentu á að karlmenn sem þær höfðu stundað kynlíf með hefðu oftast en ekki viljað kynlíf sem líktist klámmyndakynlífi. Þar má nefna endabarmsmök, fá að brunda yfir andlit þeirra eða nota klám sem hjálparteki.

Sjálfsmynd

Konur dragast sífellt meira í átt að nýrri ímynd kvenna sem sýnd er í öllum helstu fjölmiðlum. Það kyngervi sýnir konur sem síungar, grannar, með rökuð kynfæri, oft ljóshærðar, með stór brjóst og hinn „fullkomna líkama“. Klám sendir áhorfendum einnig skilaboð um ímynd kvenna en þar eru allar konur t.d. myndarlegar, grannar og kynþokkafullar (Dines, 2010). Rannsóknir hafa sýnt fram á tengingu milli útlits kvenna sem sýndar voru í klámtímaritum og lítils sjálfstrausts kvenna sem skoðuðu blöðin (Stewart og Szymanski, 2012). Í fyrrnefndri rannsókn, *Unge, køn og pornografi i Norden*, voru unglingsstúlkur spurðar hvort þær teldu að fjölmiðlar hefðu áhrif á kynhegðun þeirra. Allar sögðust þær finna fyrir áhrifum frá fjölmiðlum og margar bentu á að auglýsingarnar sendu sýnileg eða dulín skilaboð um að allir ættu að stunda kynlíf (Sørensen og Knudsen, 2006). Bandarísk rannsókn leiddi í ljós að konur sem voru í sambandi þar sem maki horfði á klám höfðu minna sjálfsöryggi en þær sem áttu maka sem horfðu ekki á klám. Konurnar sögðu að þeim myndist þær vera kynferðislega óaðlaðandi, feitar og jafnvel ófríðar og gætu með engu móti keppt við konurnar sem komu fram í klámefni makans. Niðurstöður norskrar rannsóknar var svipuð en þar kom fram að sambönd, þar sem annar aðilinn horfði á klám, einkenndust af því að konan væri með neikvæða sjálfsmynd og lítið sjálfsöryggi og karlmaðurinn ætti í erfiðleikum með að



fá kynferðislega örvun. Konurnar höfðu minni áhuga á kynlífi með maka og töldu sókn hans í klám vera svik eða framhjáhald. Í parsamböndum þar sem karlkyns maki horfir á klám ríkir oft óvissa, lítið traust og öryggisleysi sem getur leitt til sambandsslita (Paul, 2005; Stewart og Szymanski, 2012).

Jafnræði og virðing milli kynja

Konur eru oft sýndar á niðurlægjandi hátt í klámmyndum þar sem þær eru smánaðar og hlutgerðar í þeim tilgangi að veita áhorfendum kynferðislega örvun sem bendir til ójafnræðis milli kynja (Arkawa o.fl., 2010). Feminískar rannsóknir benda margar hverjar á að staða kvenna í klámi sé mjög bág miðað við stöðu karlmanna og að staða kynja í klámmyndum hafi áhrif á stöðu þeirra í raunveruleikanum. Aðrar kenningar telja að klám sé skaðlegt fyrir bæði kynin þar sem það ýtir undir samþykki ofbeldis í garð kvenna og hafi slæm áhrif á kynferðislega virkni, tilfinningalíf og persónulegan þroska karlmanna (Arkawa o.fl., 2010; Seto, Maric og Barbaree, 2001). Einnig hafa fræðimenn sett fram kenningar sem benda til þess að fyrirlitningin sem klám stuðli að dragi úr tækifærum til jafnréttis, atvinnu og menntunar (Arkawa o.fl., 2010).

Þá hafa rannsóknir sýnt að gróft klámefni, þar sem kona er sýnd njóta þess að vera misnotuð í kynlífi, ýti undir jákvæð viðhorf til nauðgana og ofbeldis (Cowan og Dunn, 1994). Karlmenn sem horfa reglulega á klám voru frekar líklegir til að vera kynferðislega ágengir í garð kvenna. Ástæða þess er talin stafa af því að í klámefni er mjög algengt að tjá andlegt og líkamlegt ofbeldi, í orðum og athöfnum. Mikil sókn karla í gróft klámefni getur einnig leitt til langvarandi breytinga á hegðun þeirra. Hegðunin getur birst sem reiði, árásarhneigð, ágengni, drottun eða ofbeldi (Malamuth, Hald og Koss, 2012).

Klámfíkn

Niðurstöður rannsókna benda til þess að klám geti verið ávanabindandi. Með mikilli útbreiðslu kláms er að verða til ný kynslóð ungs fólks, einkum karlmanna, sem háð er afbrigðilegu klámefni og hefur því lítinn áhuga á eða getur ekki fengið kynferðislega örvun við hefðbundið kynlíf (Howard, 2012). Talið er að eftir því sem einstaklingar horfa meira á klám verði þeir sífellt ónæmari fyrir því. Rannsóknir hafa sýnt ákveðna þróun í þessum efnunum. Áhorfið byrjar á klámefni sem auðvelt er að komast í. Næsta stig einkennist af því að einstaklingur byrjar að leita að nýju og annars konar efni. Oftast nær þróast leitinn út í það að finna klám-

myndir sem sýna gróf eða afbrigðileg kynlífsatriði. Klámefnið verður smám saman grófara og grófara, áhorfandinn finnur eitthvað nýtt sem nær að vekja upp æsing og kynferðislega örvun en brátt þarf hann að leita að einhverju nýju og þá jafnvel enn grófara (D'Orlando, 2011).

Er þörf á aukinni fræðslu?

Rannsóknir hafa leitt í ljós að hugmyndir unglunga um kynlíf byggjast oft á því að horfa á klám. Af þeim rannsóknum að dæma má ætla að þörf sé á öflugri kynfræðslu vegna þess að það sem telst eðlilegt í klámi á oft lítið skylt við það sem þykir eðlilegt í kynlífi (Lovísa Arnardóttir, 2011). Markmið fræðslunnar þarf að vera að gefa ungmennum möguleika á að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og viðhorf til kynlífs og kláms og þá fræðslu þurfa foreldrar og skólar að veita (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir, 2006b). Það er mjög breytilegt hvenær fólk byrjar að stunda kynlíf. Mikilvægt er að fræðsla sé í boði til að einstaklingur sé líkamlega, tilfinningalega og félagslega reidubúinn þegar hann tekur ákvörðun um það hvenær tími sé til kominn að stunda kynlíf í fyrsta sinn (Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir, 2006a). Félagsráðgjafar vinna margir hverjir með börnum og unglungum. Mikilvægt er að félagsráðgjafar séu sér meðvitandi um útbreiðslu og áhrif kláms og stuðli í starfi sínu að jákvæðri mótun kynheilbrigðis og kynvitundar ungmenna með fræðslu, forvarnavinnu, ráðgjöf, rannsóknum og fleira (Guðbjörg Edda Hermannsdóttir, Sigurlaug Hauksdóttir og Valgerður Halldórsdóttir, 2012).

Í íslenskri rannsókn þar sem kannað var viðhorf og þekking 16 ára unglunga á kynlífstengdu efni leiddi í ljós að nauðsyn væri á meiri kynfræðslu í skólum og á heimilum. Þar veittu rannsakendur því athygli að vanþekking og misskilningur varðandi ýmis grundvallaratriði í kynlífi voru algeng meðal unglinganna. Fram kom að 67% svarenda, sem voru á aldrinum 14–16 ára töldu það eðlilegt að stunda kynlíf fyrir 16 ára aldur. Rannsóknin sýndi að unglingarnir vildu m.a. meiri umfjöllun um klám í kynfræðslunni. Þetta vakti rannsakendur til umhugsunar um hvort unglingarnir vildu meiri umræðu um klám vegna þess að þeir væru ekki vissir um hvað væri eðlilegt og rétt í klámi eða hvort þeir héldu að klám væri viðurkennt fræðsluefni (Kolbrún Gunnarsdóttir o.fl., 2008). Rannsókn á ungmennum á Norðurlöndunum sýndi svipaðar niðurstöður en þar kom fram að um helmingur þátttakenda, sem voru 1776



talsins, töldu að klám væri gott kennsluefni fyrir kynlíf. Piltar voru í miklum meirihluta þeirra sem lýstu slíkri skoðun (Sørensen og Knudsen, 2006).

Lokaorð

Framboð á klámi hefur aukist í heiminum samhliða nýrri tæknivæðingu. Rannsóknir hafa sýnt að klám hefur áhrif á ýmsa þætti í lífi fólks eins og kynhegðun, getu til kynferðislegrar örvunar, viðhorf til kláms, sjálfsmynd, líðan, sambönd, tengslamyndun, hegðun og jafnræði og virðingu milli kynja. Rannsóknir hér á landi og á öðrum Norðurlöndum leiddu í ljós að ungmenni telja klám vera gilt kennsluefni og líta á það sem gagnlegan undirbúning fyrir kynlíf. Mikilvægt er að reynt sé að sporna við því að börn og unglingar hljóti skaða af klámi með fræðslu og öðru uppbyggilegu efni, bæði frá forældum og þjóðfélaginu. Meðal þeirrar fjölbreyttu verk efna sem félagsráðgjafar taka að sér er að starfa í þágu unglunga. Þeir hjálpa unglungum sem eru að vaxa inn í samfélag fullorðinna og þurfa leiðsögn í samskiptum og mótun heilbrigðrar sjálfsmyndar. Mótun kynvitundar og kynhegðunar er hluti af þessu ferli. Því er mikilvægt að félagsráðgjafar geri sér grein fyrir útbreiðslu kláms og áhrifum þess á ungmenni og séu tilbúnir að ræða þessi mál við unglunga og beina þeim í rétta átt. Rannsóknarvinna í þessum málaflokki er einnig nauðsynleg fyrir frekari skipulagningu, stefnumótun, áætlanagerð, fræðslu og forvarnir og gæti reynsla og þekking félagsráðgjafa komið vel að notum við slíka vinnu.

Heimildir

Andrea J. Ólafsdóttir og Hjálmar G. Sigmarsson. (2006). *Upplifun og viðhorf unglunga til kláms*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafraeðum við Háskóla Íslands.

Arkawa, D.R., Flanders, C. og Hatfield, E. (2010). Are variations in gender equality evident in pornography? A cross-cultural study [rafræn útgáfa]. *International Journal of Intercultural Relations*, 36(2), 279-285.

Attwood, F. (2002). Reading porn: The paradigm shift in pornography research [rafræn útgáfa]. *Sexualities*, 5(1), 91-105.

Ástrós Erla Benediktsdóttir. (2014). *Útbreiðsla kláms og hugsanleg áhrif þess. Er þörf á aukinni fræðslu?* BA-ritgerð í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, Félagsvísindasvið.

Cowan, G. og Dunn, K.F. (1994). What themes in pornography lead to preceptions of the degradation of women? [rafræn útgáfa]. *The Journal of Sex Research*, 31(1), 11-21.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (2006a). *Unglingar og kynlíf* (endurskoðuð 2009). Reykjavík: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (FKB), Lýðheilsustöð, Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og Landlæknisembættið.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir. (2006b). *Samskipti foreldra og barna um kynlíf* (endurskoðuð 2009). Reykjavík: Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir (FKB), Lýðheilsustöð, Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar og Landlæknisembættið.

Dines, G. (2010). *Pornland: How porn has hijacked our sexuality*. Boston: Beacon.

D’Orlando, F. (2011). The demand for pornography [rafræn útgáfa]. *Journal of Happiness Studies*, 12(1), 51-75.

Guðbjörg Edda Hermannsdóttir, Sigurlaug Hauksdóttir og Valgerður Halldórsdóttir. (2012). Frumkvöðlastarf er mikilvægt í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*. Sótt 10. október 2014 á <http://felagsradgjof.is/files/4fc74b3d42455.pdf>

Hagstofa Íslands. (2014). *Tölvu- og netnotkun Íslendinga 2013*. Sótt 11. október 2014 á <http://hagstofan.is/?PageID=693&src=https://rannsokn.hagstofa.is/paxis/Dialog/varval.asp?ma=SAM07102%26ti=T%F6lvu%2D+og+netnotkun+%CDslendinga+2002%2D2013%26path=../Database/ferdamal/UTlykiltolur/%26lang=3%26units=Hlutfall>

Howard, R. (2012). Anticipating an „anything goes“ world of online porn [rafræn útgáfa]. *The Futurist*, 46(3), 42-45.

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir. (2009). *Kynlíf: Heilbrigði, ást og eróttík*. Reykjavík: Opna.

Kolbrún Gunnarsdóttir, Reynir Tómas Geirsson, Eyjólfur Þorkelsson, Jón Þorkell Einarsson, Ragnar Freyr Ingvarsson og Sigurbjörg Bragadóttir. (2008). Viðhorf og þekking 16 ára unglunga á kynlífstengdu efni [rafræn útgáfa]. *Lækna-bladið*, 94(6), 453-460.

Lovísa Arnardóttir. (2011). *Staða barna á Íslandi*. Reykjavík: UNICEF.

Malamuth, N.M., Hald, G.M. og Koss, M. (2012). Pornography, individual differences in risk and men’s acceptance of violence against women in a representative sample [rafræn útgáfa]. *Sex Roles*, 66(7-8), 427-439.

Mitchell, K.J., Jones, L., Finkelhor, D. og Wolak, J. (2014). *Trends in unwanted online experiences and sexting*. University of New Hampshire: Crimes Against Children Research Center.

Paul, P. (2005). *Pornified: How pornography is transforming our lives, our relationships, and our families*. New York: Henry Holt.

Popovic, M. (2011). Pornography use and closeness with others in men [rafræn útgáfa]. *Archives of Sexual Behavior*, 40(2), 449-456.

Rannsóknir og greining. (2007). *Könnun á kynhegðun: Kynferðisleg misnotkun gegn börnum á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Russell, D.E.H. (1993). *Making violence sexy: Feminist view on pornography*. New York: Teachers College Press.

Seto, M.C., Maric, A. og Barbaree, H.E. (2001). The role of pornography in the etiology of sexual aggression [rafræn útgáfa]. *Aggression and Violent Behavior*, 6(1), 35-53.

Sigurður Ingi Árnason og Þorbjörn Broddason. (2010). *Netnotkun íslenskra ungmenna*. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 267-275). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Stewart, D.N. og Szymanski, D.M. (2012). Young adult women’s reports of their male romantic partner’s pornography use as a correlate of their self-esteem, relationship quality, and sexual satisfaction [rafræn útgáfa]. *Sex Roles*, 67(5-6), 257-271.

Sørensen, A.D. og Knudsen, S.V. (2006). *Unge, køn og pornografi i Norden*. Nordisk Ministerråd. Sótt 4. febrúar 2014 á http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2006-749/at_download/publicationfile

Wondracek, G., Holz, T., Platzer, C., Kirda, E. og Kruegel, C. (2010). *Is the Internet for porn? An insight into the online adult industry*. Ninth Workshop on the Economics of Information Security (WEIS).

Nýir sérfræðingar í félagsráðgjöf



Þann 2. september 2014 fékk **Freydis Jóna Freysteinsdóttir** réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu og barnaverndar. Freydis lauk starfsréttindanámi í félagsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands vorið 1994. Hún lauk meistaraáráðu í félagsráðgjöf MSW, við School of social work, University of Iowa og doktorsáráðu í félagsráðgjöf, með sálfræði sem aukagrein, við sama skóla. Freydis starfar sem dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands auk þess að reka ráðgjafar- og meðferðarstofu.



Þann 19. febrúar 2015 fékk **María Gunnarsdóttir** réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði barnaverndar. María lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 1998 og meistaraáráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands árið 2011. Hún lauk einnig diplómanámi í fötlunarfræðum árið 2006 og diplómanámi í barnavernd árið 2010 við Háskóla Íslands. María hefur starfað sem félagsráðgjafi á sviði barnaverndar og félagsþjónustu frá því að hún hóf störf sem félagsráðgjafi. Hún starfar nú sem forstöðumaður hjá barnavernd Reykjanesbæjar.



Margrét Magnúsdóttir hefur fengið réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu og fötlunar frá og með 18. ágúst 2014. Margrét útskrifaðist sem félagsráðgjafi frá Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands árið 1998. Hún lauk meistaranámi í fötlunarfræðum frá Háskóla Íslands árið 2010. Margrét starfar í Miðgarði þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í Grafarvogi. Hún hefur verið húsnæðisfulltrúi, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra og frá apríl 2015 deildarstjóri búsetu- og stuðningsþjónustu á þjónustumiðstöð.



Þann 25. ágúst 2014 fékk **Ingibjörg Karlsdóttir** réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði. Ingibjörg lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands árið 1989 og meistaranámi í lýðheilsufræði við Háskólann í Reykjavík árið 2012. Hún starfaði sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg í ein 12 ár. Samhliða gegndi hún formennsku hjá ADHD samtökunum í þrjú ár og starfaði þar síðan sem formaður og framkvæmdastjóri í 5 ár. Ingibjörg hóf störf á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans í byrjun árs 2011. Þar starfar hún í göngudeildarteymi við greiningu og meðferð barna og unglinga með geðraskanir. Einnig er hún leiðandi þar í rannsókn á áhrifum mataræðis á börn með ADHD í þverfaglegu samstarfi við sérfræðinga á BUGL, HÍ og Rannsóknastofu í næringarfræði.



Þann 17. desember 2014 fékk **Olga Björg Jónsdóttir** réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu og fötlunar. Olga Björg lauk námi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 1998 og MA-prófi frá sama skóla árið 2009. Árið 2002 lauk hún þriggja anna námi í Barnavernd frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Frá því að Olga Björg útskrifaðist sem félagsráðgjafi hefur hún starfað við félagsþjónustu hjá Reykjavíkurborg. Frá árinu 2005 hefur hún verið verkefnisstjóri í þekkingarstöð í málefnum fatlaðs fólks hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Þann 11. febrúar 2015 fékk **Auður Sigurðardóttir** réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu.

Þann 16. apríl 2015 fékk **Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir** réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði. Sjá nánar um Sveinbjörgu á síðu 60.